

C: Óskráð sérlyf.

1. 30.03.12
2. 30.03.22
3. 30.03.32
4. 30.03.42

D: Lögboðkarlyf (officinel lyf).

1. 30.03.13
2. 30.03.23
3. 30.03.33
4. 30.03.43

E: Önnur fullbúin lyf einnig til dýralækninga.

1. 30.03.19
2. 30.03.29
3. 30.03.39
4. 30.03.49

Enn fremur nær þetta eftirlit til eftirlits með innflutningi hráefna til lyfjagerðar og lyfja samkvæmt öðrum tollskrárnúmerum.

2. gr.

9. gr. 1. málsg. orðist svo:

Innflytjandi framvísar til áritunar 2 eintökum af vörureikningi við Lyfjaeftirlit ríkisins og er óheimilt að tollafgreiða lyf, nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu vörureikning, sem lyfjaeftirlitið hefur áritað.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. og 61. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 sbr. og lög um breyting á þeim lögum nr. 85/1976, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. janúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1.	31.00
2.	52.00
3.	102.00
4.	102.00
5.	122.00
6.	196.00

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
7.	283.00
8.	403.00
9.	544.00
10.	651.00

2. gr.

Í 23. málsgr. 4. gr. komi:
9 000 krónur í stað „7 200 krónur“.

3. gr.

8. gr. orðist svo:
Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 40.00.
Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 403.00.

4. gr.

9. gr. orðist svo:
Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:
Áhafnir róðrarbáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 403.00. Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 7 000.00.
Áhafnir flutningaskipa 100 lesta eða stærri kr. 544.00.
Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 651.00.
Áhafnir fiskiskipa 12 lesta eða stærri kr. 651.00.

5. gr.

10. gr. orðist svo:
Áhættugjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir skal vera kr. 65.00 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingar eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:
Föst árgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar eða vélsleða	kr. 1 500.00
Vegna rafstöðvar	— 750.00
Vegna súgþurrkunartækis	— 750.00
Vegna heyblásara (saxblásara, heybyssu)	— 750.00
Vegna bifhjóls	— 1 500.00
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	— 1 500.00

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í 36. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar til að gilda frá 1. janúar 1977. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 6 9. janúar 1976 um breytingu á reglugerð nr. 7 1964 um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. janúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.